


SVEITARSTJÓRN DALABYGGÐAR

Skýrsla sveitarstjóra
269. fundur, 13.maí 2026



- Íbúafjöldi í Dalabyggð er nú 675 íbúar samkvæmt Íbúasýn/Þjóðskrá mv. 2. maí sl. og hefur því fækkað um tvo íbúa frá því í byrjun apríl en þá voru skráðir í Íbúasýn/Þjóðskrá 677 íbúar.
- Starfsemi Íþróttamiðstöðvarinnar okkar fer vel af stað og er notkun með ágætum. Það er gaman að sjá þessa dagana rútur renna að með nemendur sem eru í skólaferðalögum. Vonandi verður framhald á heimsóknnum til okkar í mannvirkið.




- Um miðjan apríl settum við í loftið auglýsingu þar sem óskað er eftir umsjónarmanni fyrir Vinnuskólann okkar í sumar í ca. 80% starfshlutfall. Sigríður Jónsdóttir hefur haldið utan um þetta verkefni með glæsibrag undanfarin sumur en hefur nú óskað eftir að við leitum eftir öðrum aðila. Það er skemmst frá því að segja að ekki hafa neinar umsóknir borist um starfið og er nú verið að skoða með hvaða hætti við bregðumst við þeirri stöðu en vonandi náum við að starfrækja vinnuskólann í sumar þó í skemmri tíma verði.



- Opinn fundur um verkefnið „Gott að eldast“ var haldinn í Nýsköpunarsetri Dalabyggðar mánudaginn 27. apríl sl. Á fundinum voru kynntar niðurstöður nýrrar könnunar um virkni, þátttöku og líðan íbúa eldri en 80 ára í Dalabyggð. Niðurstöðurnar varpa ljósi á stöðu og upplifun hópsins og skapa mikilvægan grunn fyrir áframhaldandi þróun þjónustunnar hér í Döllum. Einnig var farið yfir stöðu samþættrar þjónustu við eldra fólk og rætt hvernig ólíkir þjónustubættir vinna saman að því að styðja við sjálfstætt og innihaldsríkt líf.



- Aðalfundir Leigufélaganna Brákar og Bríetar voru haldnir fyrir stuttu. Nú hefur verið tilkynnt að stefnt er að sameiningu þessara félaga og tel ég það vera skynsamlegt skref. Til upplýsinga þá eigum við fulltrúar Dalabyggðar í góðu samtali við Leigufélagið Bríeti um frekari uppbyggingu hér í Búðardal og er það von mín og trú að það leiði til frekari uppbyggingar á leiguhúsnæði hér í Búðardal því ekki veitir af.
- Hér fyrr á fundinum var kynnt viljayfirlýsing á milli Dalabyggðar og Björgunarsveitarinnar Óskar um sameiginlegrar aðstöðu viðbragðsaðila hér í Döllum. Það er mitt mat að þetta sé spennandi samstarfsvettvangur sem hér er að verða til til heilla því starfi sem viðbragðsaðilar hér í Dalabyggð sinna.



- Vorverkin eru hafin og í vikunni þá var götusópur á ferðinni hjá okkur og farið var í holufyllingar hér í Búðardal. Skátarnir voru í sinni árlegu tiltekt á þriðjudaginn og þökkum við þeim hér með kærlega fyrir þetta mikilvæga verkefni. Svo er gaman að segja frá því að sett var upp gangbrautarskilti hér við Miðbrautina fyrir stuttu í kjölfar tillögu sem barst okkar frá nemendum í 1. til 3. bekk Auðarskóla, stefnt er að því að setja merkingar á götuna í sumar.
- Útboð á hreinsun rotþróa í Dalabyggð er nú afstaðið og er unnið að frágangi í þeim efnum. Tvö tilboð bárust og voru þau bæði innan þeirrar kostnaðaráætlunar sem við höfðum unnið.



- Enn bíðum við eftir að Vegagerðin bjóði út vegakafla þann á þjóðvegi 60 sem stefnt hefur verið að fara í endurbætur á í sumar, kaflann frá Erpsstöðum að Haukadalsá. Ýtt hefur verið ítrekað á svör og staðfestingu á því hvenær umræddur kafli fari í útboð en ekki fengist svör. Eru það vonbrigði því „glugginn“ til framkvæmda er þröngur eins og við öll vitum.
- Nú er tilraunaverkefni það sem farið var í varðandi akstur framhaldsskóanema á milli Búðardals og Borgarness, í samstarfi við SSV og Byggðastofnun, að renna sitt skeið og ljóst að ekki verður framhald á að sinni a.m.k.



- Það er gaman og dýrmætt að finna þann framkvæmdahug sem er víða í sveitarfélaginu um þessar stundir, víða eru uppi áform um ýmiskonar uppbyggingu, bæði í dreifbýlinu sem og hér í Búðardal og er þá nærtækt að vísa í bæði fundargerðir byggðarráðs og umhverfis- og skipulagsnefndar frá fundum sem haldnir voru fyrr í vikunni. Vonandi rætast sem allra flest þessi áform þannig að Dalirnir haldi áfram að vaxa og dafna líkt og verið hefur undanfarin misseri.



- Sveitarstjórnarkosningar fara fram laugardaginn 16. maí 2026 eins og okkur er vonandi flestum kunnugt um. Kosið verður hér í Dalabyggð í Dalabúð og verður kjörstaður opinn á milli kl. 10:00 og 19:00 – nánar er fyrirkomulagið kynnt á heimsíðu okkar, dalir.is
- Ég vil hvetja íbúa hér í Dölum sem og annars staðar til að nýta kosningaréttinn sinn og láta sig þannig stjórn og stjórnun sveitarfélagsins varða.
- Kynningarfundur frambjóðenda fór fram þann 7.maí sl. í Dalabúð. Það verður spennandi að sjá hvernig kosningar fara á laugardaginn kemur og vonandi verður hér til í Dölum öflug og samhent sveitarstjórn að afloknum kosningum líkt og verið hefur á því kjörtímabili sem nú er á enda.



Allt á sinn tíma.....

Þessi skýrsla mín hér á þessum 269. fundi sveitarstjórnar Dalabyggðar er mín síðasta því ráðningartími minn rennur út þann 31. maí n.k. Sá tími sem liðið hefur frá því ég tók við starfi sveitarstjóra hér í Dalabyggð hefur liðið hratt og verið bæði viðburða- og lærdómsríkur á margan hátt.

Ég vil hér þakka fyrir það tækifæri sem mér bauðst óvænt sumarið 2022 og ykkur kæra sveitarstjórn fyrir gott samstarf og það traust sem þið hafið sýnt mér í starfi.

Einnig vil ég þakka mínu afar góða samstarfsfólki í stjórnkerfi Dalabyggðar fyrir samstarfið og samskiptin á þessum tíma. Íbúum Dalabyggðar þakka ég fyrir samskiptin og segi að endingu gangi Dalamönnum og Dalabyggð allt í haginn á komandi tímum – takk fyrir mig !





Hér sem fyrr í minnisblöðum sveitarstjóra er einungis stiklað á stóru því margt af því sem fram fer á skrifstofu sveitarstjóra og annarra starfsmanna Dalabyggðar ratar ekki í dagbók undirritaðs eða er þess eðlis að ekki er eðlilegt að nefna í opinberu minnisblaði. Verkefnin eru ýmiskonar en öll hafa þau það að markmiði að gera gott samfélag betra á einn eða annan hátt.

BBP – 13/05/2026